



# Verkalýðsfélag Akraness

Félagsmálanefnd Alþingis.

Akranesi 19. febrúar 2007

## **Umsögn Verkalýðsfélags Akraness um frumvarp til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.**

Verkalýðsfélag Akraness hefur tekið frumvarpið efnislega til athugunar og leyfir sér að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

1.

Reynsla félagsins af þessum málum hefur sannað nauðsyn þess að stéttarfélögin fái skýra heimild til að afla gagna varðandi erlent vinnuafli, t.d. ráðningarsamninga, tímaskriftir og launaseðla og það án þess að grunur um brot sé til staðar. Er eðlilegt að þessi heimild nái allra aðila er koma að slíku vinnusambandi, þ.e. fyrirtæki, notendafyrirtæki og Vinnumálastofnun. Reynslan sýnir að erlent starfsfólk veit almennt lítið um réttindi sín á íslenskum vinnumarkaði og veigrar sér við að leita aðstoðar verkalýðsfélaganna. Dæmin sanna einnig að einstaka atvinnurekendur hafa nýtt sér þessa vankunnáttu. Jafnvel aðilar sem almennt er talið að láti sér annt um ímynd sína. Er ljóst að þótt ráðningarsamningur liggi fyrir sem tryggir laun í samræmi við gildandi lög er það engin trygging fyrir því að viðkomandi launþega séu greidd lögbundin laun í samræmi við ráðningarsamning. Hér þarf verulega eftirfylgni.

Á stéttarfélögum hvílir skylda til að tryggja að á félagssvæði þeirra sé unnið samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum og hafa þau víðtæka hagsmuni af því að svo sé gert. Er með öllu óskiljanlegt ef ekki er vilji til að notfæra sér þessa eftirlitsleið. Stéttarfélögin hafa á að skipa starfsfólki með víðtæka reynslu í túlkun kjarasamninga og með þekkingu á hinum ýmsu sérkjarasamningum sem í gildi eru. Óeðlilegt er hins vegar að blanda trúnaðarmönnum á vinnustað inn í þetta. Þeirra hlutverk samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr.80/1938 nær ekki til eftirlits hvað varðar starfsfólk á vinnustað sem er í vinnuréttarsambandi við þriðja aðila. Jafnframt verði að hafa í huga að þetta eftirlit er þess eðlis að eðlilegra er að það sé alfarið í höndum viðkomandi verkalýðsfélaga. Auk þess sem verið er að gæta hagsmuna viðkomandi starfsmanns er hér um að ræða hagsmuni verkalýðshreyfingarinnar sem og samfélagsins.

2.

Tryggt verði á einhvern hátt að fyrirtæki sem nýta erlent vinnuafll greiði laun og önnur starfskjör í samræmi við það sem gildir á íslenskum vinnumarkaði en ekki einungis lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum.

3.

Til að tryggja að erlendir starfsmenn samkvæmt lögunum njóti þeirra starfskjara sem löggin kveða á um er eðlilegt að setja þá kröfu á notendafyrirtækin að þau hafi ávallt undir höndum ráðningarsamninga og sé óheimilt að nýta sér þjónustu viðkomandi nema kjör samkvæmt ráðningarsamningi séu í samræmi við lögbundin starfskjör.

Virðingarfyllst,

---

Vilhjálmur Birgisson, formaður